

Íslenska - 8. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Katla Ómarsdóttir; Orri Þórðarson; Rafnhildur Rósa
Atladóttir

8

Lýsing

Námssgrein er kennd 4 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Hautönn 2025 (vorönn bætist við síðar)

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Markmið náms í íslensku er að gera nemendur að öflugri málnotendum, sem þekkja móðurmálið sitt og geta beitt því af öryggi. Náms- og matsþættir í íslensku eru; 1) Talað mál hlustun og áhorf, 2) Lestur, 3) Bókmenntir, 4) Ritun, 5) Mál og málnotkun og 6) Vinnulag.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Lesbók
- Ljósrit frá kennara
- Efni á Google Classroom
- Málið í mark
- Rotturnar
- Rökkurhæðir

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Allur veturinn - Lestur

Frjáls lestur nemenda – Kjörbók valin í samráði við kennara – Paralestur – Æfingar í lestri og lesskilningi – Lesstund – Gagnvirkur lestur

Námsmat: Könnun á lesskilningi ★, Skýrsla um kjörbók ★★, Bókabingó ★, Gagnvirkur lestur ★

Ágúst og september - Bókmenntir

Nemendur kynnst bókmenntaarfinum og gömlum bókmenntum.

Nemendur lesa, túlka, fjalla um og meta fjölbreyttar íslenskar bókmenntir.

Þjóðsögur. Djákninn á Myrká. Búkolla. Gilitrutt.

Námsmat: Þátttaka í tímum ★. Vinnulag ★.

Rökkurhæðir.

Námsmat: Vinnubók ★★. Próf ★. Lokaverkefni ★. Vinnulag ★.

Október/Nóvember - Mál og málnotkun

Fallorð og smáorð

Upprifjun í málfræði

Námsmat: Könnun★★, Vinnulag ★

Október/Nóvember - Talað mál, hlustun og áhorf

Nemendur æfa framsögn í litlum hópum. Flytja afmælisræðu.

Námsmat: Ræða ★★

Desember - Kvikmynd/Ritun

Horft verður á íslenska kvikmynd. Nemendur skrifa kvikmyndagagnrýni.

Námsmat: Kvikmyndagagnrýni ★★

Desember - Framsögn

Nemendur gera kynningu um jólahefðir

Námsmat: Kynning ★

Allir veturinn - Vinnulag

Nemendur fá matskvarða áður en hafist er handa við verkefni þar sem fram koma viðmið um vinnulag.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat í íslensku tekur á mörgum þáttum. Verkefni eru fjölbreytt; m.a. ritgerðir, vinnubækur, próf, kynningar, myndbönd og skapandi skrif. Hæfniviðmið í íslensku eru sett fram í sex námsþáttum. Þegar verkefni eru metin eru hæfniviðmiðin höfð til hliðsjónar en fyrir hvert verkefni er gefið námsmat í bókstöfum. Nemendur fá matskvarða með flestum verkefnum sem lýsir því hvernig verkefni eru metin. Verkefni sem hafa mikið vægi eru merkt með ★★, þau sem hafa miðlungsvægi með ★★ og þau sem hafa minnst vægi með ★. Hafa skal í huga að öll verkefni eru mikilvæg.

Vinnulag er hluti af námsmati í íslensku og er nánar tilgreint á matsrömmum fyrir hvert verkefni og vinnu nemenda í heild sinni.

Sumum verkefnum á að skila á Google Classroom og þar verða einnig leiðbeiningar og ítarefni. Heimavinna, námsmat og önnur verkefnaskil verða skráð jafnóðum á Mentor. Tilkynnt er um verkefnaskil, próf og ritgerðir með a.m.k. viku fyrirvara. Nemandi sem ekki nær að skila verkefni sem er hluti af námsmati á tilsettum tíma eða er ekki í skólanum þegar próf eru lögð fyrir þarf að gera ráðstafanir og ræða við kennarann um sjúkrapróf eða frest á verkefni. Sé því ekki sinnt hefur það áhrif á námsmat. Sjá upplýsingar um einstök verkefni sem metin eru og skiladaga undir Verkefni.

Stærðfræði - 8. bekkur 2025-2026

Kennarar: Eyþór Eiríksson; Hannes Bjartmar Jónsson; Ómar Örn Magnússon; Signý Gísladóttir; Sigríður Nanna Heimisdóttir

8

Lýsing

Stærðfræði er kennd 3 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026.

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Megintilgangur náms í stærðfræði er að nemendur öðlist alhliða hæfni til að nota stærðfræði sem lifandi verkfæri í fjölbreyttum tilgangi og við ólíkar aðstæður.

Náms- og matsþættir í stærðfræði eru: tölur og reikningur; algebra; tölfræði og líkindi; rúmfræði og mælingar; og vinnulag stærðfræðinnar.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Ýmist efni úr Skala 1-3
- Aðrar námsbækur
- Efni frá kennara

Allt námsefni verður sett inn á Google Classroom.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Lögð verður áhersla á samvinnu nemenda. Nemendur leysa þrautir í hópum þar sem þau uppgötva í gegnum samræður við samnenendur og kennara.

Nemendur æfa sig að glósa um viðfangsefnin.

Nemendur fá tækifæri til að kanna eigin skilning á viðfangsefninu og geta mátað sig við mismunandi erfiðleikastig.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Nemendur sýna hæfni og færni í tímum sem kennari metur út frá þeirra vinnu, samræðum milli nemenda eða samræðum milli nemenda og kennara.

Lögð verða fyrir verkefni, kannanir og önnur skilaverkefni yfir veturinn.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Vinnulag stærðfræðinnar

- Velur og nýtir ólík hjálpargögn og verkfæri til stærðfræðilegrar iðkunar, þ.m.t. tölvutækni og gervigreind.
- Þróar, útskýrir og rökstyður hentugar aðferðir sem byggja á eigin skilningi við reikning með ræðum tölum.
- Vinnur skipulega, einstaklingslega og í samvinnu, að því að rannsaka, setja fram, greina, túlka og meta stærðfræðileg viðfangsefni og líkön.
- Tjáir sig og spyr spurninga um stærðfræðileg viðfangsefni, útskýrir og rökstyður lausnir sínar fyrir öðrum.
- Setur fram, túlkar og metur einföld stærðfræðileg rök og sannanir.
- Undirbýr og flytur kynningar og skrifar texta um eigin vinnu með stærðfræði.
- Notar hugtök og táknmál stærðfræðinnar til að setja fram, tákna og leysa hversdagsleg og fræðileg verkefni.
- Nýtir fjölbreyttar reikniaðgerðir og stærðfræðilegt samhengi til að leysa þrautir og rökstyðja svör sín.
- Rannsakar stærðfræðilega eiginleika og samhengi með því að nota forritun.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Tölur og reikningur

- Reiknar með rauntölum og nýtir sér tengsl og samhengi reikniaðgerðanna við útreikninga.
- Reiknar með veldum og ferningsrótum í einföldum tilvikum.
- Nýtir sér námundun með viðeigandi nákvæmni í útreikningum.
- Útskýrir sambandið á milli almennra brota, tugabrota og prósentu og beitir þeim við rauntengd viðfangsefni.
- Notar tugakerfisrithátt og sýnir skilning á sætiskerfi við ritun staðalsforms tölu.
- Nýtir sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna og þekkingu sína í talnafræði við útreikninga.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Algebra

- Vinnur með talnarunur og mynstur á skipulegan hátt og lýsir þeim með táknmáli algebrunnar.
- Einfaldar algebrustæður og leysir jöfnur með einni óþekktri stærð.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Tölfræði og líkindi

- Framkvæmir tilraunir þar sem líkur og tilviljanir koma við sögu og túlkar niðurstöður sínar.

2025_Stærðfræði fyrir 8.- 10. bekk - Rúmfræði og mælingar

- Notar hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að lýsa eiginleikum fræðilegra fyrirbrigða.
- Teiknar skýringarmyndir og vinnur með teikningar annarra út frá gefnum forsendum, t.d. um mælikvarða, einslögun og hlutföll, rannsakað og lýst sambandi milli teikningar og hlutar.
- Beitir þekktum eiginleikum lína, þríhyrninga og annarra marghyrninga til að reikna hliðarlengdir og horn, reiknar og útskýrir tengsl milli grundvallareiginleika hrings, útskýrir og beitir reglu Pýþagórasar.

Enska - 8. bekkur 2025-2026

Kennarar: Laura Marie Engelhoff; Ómar Örn Magnússon; Sigríður Nanna Heimisdóttir

8

Tímabil

Enska: Námsáætlun fyrir haust- og vorönn, 2025-2026

8. bekkur: 2 klukkustundir á viku

Kennari: Laura Marie Engelhoff

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Uppsetning náms: Nám í ensku tekur mið af hæfni- og matsviðmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni og þreyta próf sem taka mið af hæfni- og matsviðmiðum námskránnar sem skiptast niður í: Frásögn, hlustun & áhorf, ritun, samskipti, lesskilning, menningarläsi og vinnulag. Í lok hvernar annar fer fram námsmat þar sem kennari tekur saman vinnu nemanda og gefur lokaeinkunn (A, B+, B, C+, C, D).

„A“: Enskudeildin miðar að því að gera einkunnina „A“ að þýðingarmiklu merki um hæsta afreksstig - efstu 10-15% nemenda. Við stefnum að því að búa til námskrá sem stöðugt hvetur nemendur til að læra og vaxa.

Notkun gervigreindar: Það sem nemendur fá frá gervigreind ætti aldrei að vera eitthvað sem þeir myndu afrita og líma, því ætti aldrei að afrita og líma það sem kemur frá gervigreind býr til - hana ætti aðeins að nota sem úrræði til að auðga hugsun þeirra, sem gerir þeim kleift að halda áfram að skrifa eða búa til á eigin spýtur. Ósamþykkt notkun gervigreindar mun leiða til þess að hæsta mögulega einkunn verður B.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Námsefni: Námið fer að miklu leyti fram í gegnum Google Classroom, en að auki vinna nemandur í stílabókum sem skilað verður í lok annar (þar skiptir skipulag og ábyrgð á eigin námi miklu máli). Kennari verður einnig reglulega með glærukynningar á námsefni og verkefnum.

Stuðst verður við vefsíður á borð við:

- Greinar og sögur frá CommonLit, New York Times, The Guardian og fleiri heimildum; bekkjarskáldsaga á vorin
- Kvikmyndir, þættir, ræður, ljóð, tónlist og leikir
- Sjálfstæður lestur utan skóla með texta að eigin vali
- Munn- og hlustunaræfingar, þar á meðal samtöl og viðtöl við vini, fjölskyldumeðlimi og kennara; Lightning Round, Hot Seat, Fishbowl, Reader's Theatre
- Þemaverkefni, kannanir, ástundun lykilfærni, markviss ritunarverkefni
- Námsskrá er með fyrirvara um breytingar. Allar breytingar eru tilkynntar eins fljótt og auðið er.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

- Nemendur nálgast námsefnið á Google Classroom.
- Dagleg verkefni verða unnin í stílabók (fylgir með).
- Formlegum verkefni verða skrifuð í fagbók eða skilað á Google Classroom.
- Væntingar um vinnu nemenda:
 - Verkefnablöð með skýrum matsreglum eru sett fram í upphafi hvers verkefnis. Þeim blöðum er síðan skilað til nemenda í lok eininga, með stigum og endurgjöf.

- Gert er ráð fyrir að nemendur ljúki öllum verkefnum fyrir tilgreindan skiladag eða ræði við okkur, hver fyrir sig, um tímafrest eða nauðsynlegar breytingar á verkefnum.
- Ef nemendur vilja ræða nánar um verkefni, væntingar eða einkunnir, þá er best að þau tali beint við kennarana eða sendi mér/okkur tölvupóst fyrst. Eftirfylgni og fyrirspurnir frá foreldrum/forráðamönnum eru vissulega vel þegnar.
- Skilyrði verkefna:
 - Óskilað verk fær „ólokið“ í Mentor. Til að skila verkefni seint, þarf nemandi að skipuleggja fund með kennara til að gera áætlun um frágang.
- Öll verkefni eru í boði fyrir alla nemendur á þremur stigum: Supported, Regular og Extension. Nemendur geta valið í hverju verkefni hvaða stig hentar þeim best á þeim tíma. Supported verkefni veita meiri stuðning fyrir nemendur sem eru enn að þróa þessa færni eða geta ekki uppfyllt venjulegar væntingar eins og er. Regular verkefni eru á því stigi sem ég geri ráð fyrir að nemendur í 10. bekk geti klárað undir venjulegum kringumstæðum til að ná hæfni. Extension verkefni gefa nemendum tækifæri til að auka hæfni sína og ná hærri en B.

Löggö er áhersla á fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er tillit til mismunandi námsaðferða og námsstigs nemenda. Vinnan er í jafnvægi á milli lestrar, hlustunar, tals og ritunar. Í kennslustundum lesa nemendur fjölbreytta texta og vinna úr efni þeirra í minnisbókum sínum og í umræðum. Nemendur hlusta reglulega á talað mál og vinna verkefni sem reyna á skilning þeirra á tungumálinu. Málfræði er samþætt lestri og ritun. Fjölbreytt ritunarverkefni fylgja lestri og hlustun. Nemendur fræðast um enskumælandi samfélag, menningu og siði með aðstoð kvikmynda, blaðagreina og tónlistar. Unnið er jafnt og þétt með námsviðmiðin allt árið og nemendur vinna margvísleg verkefni sem þjálfa þá færni.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Tímabil	Verkefni	Matsaðferð	Hæfniviðmið
			Reading and Reading Comprehension
			Analysis of main points: Gather information from a text, identify main points from secondary points, and use it in assignments.
Autumn & Spring	In-class Reading	Observation and assessment of responses to reading	Non-fiction texts: Read non-fiction/informational texts from a variety of media for informational purposes; process, learn from, and respond to them.
			Literature: Read a variety of literature for your benefit and enjoyment; work with its content and become aware of the value of literature.
			Writing
			Retelling: Write clearly about material you have read, seen, or heard.
Autumn & Spring	In-class Writing	Observation and assessment of journaling, graphic notetaking, and other written projects.	Personal experience: Write about your opinions, feelings, experiences and knowledge using rich language.
			Creative writing: Write a text and play with the language, allowing creativity and imagination to flourish.
			Communication General communication: Deal with a variety of situations in general communication; express and receive information.
Autumn & Spring	In-class discussions	Observation of partner, small group, and whole- class discussions.	Conversations: Participate in conversations about familiar topics and express your opinions.
			Key Competencies Flexibility: Work independently, in collaboration with others, and/or under guidance, taking into account what others think.
			Writing Text Structure: Organize your writing so it's clear and easy to follow, matching the content and purpose of the writing.
Autumn & Spring	Writing Check-ups	Assessment of formal Google Form writing assignments	Diction: Use proper grammar, spelling, capitalization, and punctuation, high-level vocabulary, and appropriate conjunctions.
			Key Competencies Research Integrity: Use a variety of media in your search for knowledge; use the information in a responsible, creative and critical way.
Autumn & Spring	At-Home Reading	Self-assessment and book reports	Reading
			Literature: Read a variety of literature for your benefit and enjoyment; work with

its content and become aware of the value of literature.

Key Competencies

Processing: Show creative thinking and initiative in your process and your work. Use knowledge and skills, draw conclusions, dare to seek new solutions, and apply critical thinking and reasoning.

Self-Awareness: Take responsibility for your own learning and evaluate your own process and performance.

Key Competencies Expression: Express yourself in an organized manner about topics you are familiar with and respond to questions.

Presentation: Deliver a description or presentation on prepared material confidently and answer questions.

Voice: Use the language with natural pronunciation, emphasis, and rhythm.

Reading and Reading Comprehension Vocabulary: Read, understand, and work with a variety of vocabulary from various texts.

Listening and Watching Narratives and presentations: Understand the main points of presentations and narratives on a variety of topics; process and learn from them.

Analysis of information: Listen for information, choose the relevant information, and process it.

Communication

Informal conversation: Participate in informal conversation by paraphrasing and using standard expressions from everyday language.

Speaking and Presenting

Performance: Compose, rehearse, and perform your own material.

Cultural literacy

Diversity: Be aware of the diverse origins of the population in the relevant language area and the effects of prejudice.

Autumn
&
Spring

Show & Tell Teacher assessment of presentation

Autumn

Vocabulary
Test

Google Forms assessment of taught
vocabulary

Spring

English
Excellence
Experience

Assessment of final project

2025_Enska við lok 3. stigs - Hlustun og áhorf

- Skilið aðalatriði úr kynningum og frásögnum um margvísleg málefni, unnið úr þeim eða nýtt sér á annan hátt.
- Fylgst með fjölbreyttu efni í fjöl- og myndmiðlum, unnið úr því eða nýtt sér á annan hátt.
- Hlustað eftir upplýsingum, valið þær sem eiga við hverju sinni og unnið úr þeim.

2025_Enska við lok 3. stigs - Lestur og lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum og nýtt sér í verkefnavinnu,
- Lesið, skilið og unnið með efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa af fjölbreyttum miðlum, brugðist við efni þeirra eða unnið úr þeim á annan hátt.
- Lesið, skilið og unnið með fjölbreyttan orðaforða úr ýmsum textum.
- Lesið sér til gagns og ánægju fjölbreyttar bókmenntir við hæfi, unnið með efni þeirra og gert sér grein fyrir gildi bókmennta,

2025_Enska við lok 3. stigs - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu samtali með því að umorða og nota föst orðasambönd úr daglegu máli.
- Tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, miðlað og tekið á móti upplýsingum.
- Tekið þátt í samræðum um kunnugleg málefni og látið skoðun sína í ljós.

2025_Enska við lok 3. stigs - Frásögn

- Tjáð sig skipulega um efni sem hann þekkir eða hefur unnið með í námi sínu og brugðist við spurningum.
- Beitt málinu með eðlilegum framburði, áherslum og hrynjandi.
- Flutt frásögn eða kynningu um undirbúið efni af öryggi og svarað spurningum.
- Samið, æft og flutt eigið efni, einn eða í félagi við aðra.

2025_Enska við lok 3. stigs - Ritun

- Skrifað lipran, samfelldan texta af ólíkum gerðum í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Skrifað um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu með fjölbreyttum orðaforða.

- Sýnt góð tök á orðaforða, meginreglum málnotkunar og notað tengiorð við hæfi.
- Samið texta og leikið sér með málið þar sem sköpunargáfan og ímyndunaraflíð fá að njóta sín.
- Skrifað skilmerkilega um efni sem hann hefur lesið, séð eða heyrt.

2025_Enska við lok 3. stigs - Menningarlæsi

- Sýnt að hann þekkir til samfélagsgerðar, menningar og einkenna þjóðfélagsins.
- Gert sér grein fyrir fjölbreyttum uppruna íbúa á viðkomandi málsvæði og áhrifum fordóma.
- Greint á milli helstu afbrigða tungumálsins.

2025_Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Tjáning og miðlun

- Tjáð hugmyndir og tilfinningar á skýran og skipulegan hátt.
- Brugðist við margvíslegum upplýsingum og hugmyndum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.

2025_Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Skapandi og gagnrýnin hugsun

- Leyst fjölbreyttar áskoranir á skapandi hátt.
- Beitt ólíkum sjónarhornum og gagnrýninni hugsun í fjölbreyttum viðfangsefnum.

2025_Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Sjálfstæði og samvinna

- Sýnt frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í vinnubrögðum.
- Unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í uppbyggilegu samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi.

2025_Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Nýting miðla og upplýsinga

- Nýtt ólíka miðla á ábyrgan hátt til að afla, greina og miðla upplýsingum og skoðunum.
- Valið traustar heimildir og sett upplýsingar fram með ólíkum hætti eftir því sem við á hverju sinni á siðferðilega ábyrgan hátt.

2025_Lykilhæfni fyrir 8.-10. bekk - Ábyrgð og mat á eigin námi

- Sett sér raunhæf og metnaðarfull markmið um frammistöðu og framvindu eigin náms, unnið eftir þeim og lagt mat á hvernig til hefur tekist.
- Skipulagt, ígrundað og borið ábyrgð á eigin námi.

Danska - 8.bekkur 2025-2026

Kennarar: Amanda Rosa Egholm

8

Lýsing

Kennt er 3x í viku 60mín í senn

Tímabil

Skólaárið 2025-2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Nám í dönsku miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla, en þau eru hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarlæsi. Viðfangsefni eru aðlöguð árgöngum út frá hæfniviðmiðum. Þannig verður stöðug framvinda hæfni frá 8. upp í 10. bekk. Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiðanna yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfa þá hæfni.

Megináherslan er að byggja upp orðaforða og málnotkun nemenda í tungumálinu svo þeir séu færir um lesa texta, horfa á sjónvarpsefni og hlusta á kynningar á dönsku ásamt því að þekkja til menningarheims Danmerkur. Einnig undirbúum við nemendur til að tækla nám í dönsku í menntaskóla.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda. Unnið er jöfnum höndum með meginþætti tungumálsins; lestur, hlustun, talað mál og ritun. Nemendur eru þjálfaðir reglulega í að hlusta á mælt mál og vinna verkefni sem prófa skilning á málinu. Málfræði verður samþætt lestri og ritun og verður lögð áhersla á uppriffjun helstu orðflokka og einkenni þeirra. Töluvert er um hópaverkefni, myndbandagerð, frásagnarverkefni, leikir og lifandi kennsla. Nemendur kynnast dönsku samfélagi, menningu og siðum með aðstoð kvikmynda og tónlistar.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Nemendur eru metnir jafnt og þétt í gegnum allan veturinn. Námsmatið felst bæði í mati á námsferli nemenda, þ.e.a.s. hvernig nemendur vinna og hver framvinda er. En hún felst einnig í að nemendur fá einkunnir í formi bókstafa fyrir ákveðin verkefni og próf. Verkefni eru stjórnumerkt frá 1-3 stjörnum miðað við vægi þeirra. 1 stjarna verandi minnst vægi og 3 mest.

Nemendur fá framvindareinkunn í janúar í formi bókstafs og svo í lok vetrar (á vorönn) fá nemendur eina einkunn sem er byggð á allri vinnu vetrarins. Verður sú einkunn gefin í bókstöfunum A-D samkvæmt aðalnámsskrá.

Náttúrufræði - 8. bekkur 2025-2026

Kennarar: Atli Kristinsson; Ómar Örn Magnússon; Sigríður Nanna Heimisdóttir

8

Tímabil

22. ágúst 2025 til 10. júní 2026 er það tímabil sem þetta nám spannar. Fyrir áramót vinnum við í líffræði en eftir áramót efnafræði.

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Í náttúrufræði stuðlum við að þekkingu, virðingu og ábyrgðartilfinningu nemenda gagnvart náttúru, tækni, samfélagi og umhverfi. Þannig öðlast þeir þá hæfni sem til þarf til að taka skynsamlegar ákvarðanir í málefnum er varða tengsl fólks og náttúru.

Í 8. bekk læra nemendur undirstöðuatriði efnafræðinnar og kynnumst líffræðilegum fjölbreytileika og flokkunarfræði lífvera.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Aðalega er stuðst við tvær bækur:

Lífheimurinn og Efnisheimurinn auk efnis frá kennara.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Þetta er gert með bóklegunámi í bland við verklegar æfinga/tilrauna í anda leiðsagnarnáms.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Nám þeirra er metið með símati í anda leiðsagnarnáms.

Námsmat í náttúrufræði tekur á mörgum þáttum. Verkefni eru fjölbreytt; m.a. vinnubækur, próf, kynningar og tilraunir. Þegar verkefni eru metin eru hæfniviðmiðin höfð til hliðsjónar en fyrir hvert verkefni er gefið námsmat í bókstöfum. Nemendur fá matskvarða með flestum verkefnum sem lýsir því hvernig verkefni eru metin. Verkefni sem hafa mikið vægi eru merkt með ★★, þau sem hafa miðlungsvægi með ★★ og þau sem hafa minnst vægi með ★. Hafa skal í huga að öll verkefni eru mikilvæg. Vinnulag er hluti af námsmati í náttúrufræði og er nánar tilgreint á matsrömmum fyrir hvert verkefni og vinnu nemenda í heild sinni.

Verkefnum á að skila á Google Classroom og þar verða einnig leiðbeiningar og ítarefni. Námsmat og önnur verkefnaskil verða skráð jafnóðum á Mentor. Tilkynnt er um verkefnaskil og próf með a.m.k. viku fyrirvara. Nemandi sem ekki nær að skila verkefni sem er hluti af námsmati á tilsettum tíma eða er ekki í skólanum þegar próf eru lögð fyrir þarf að gera ráðstafanir og ræða við kennarann um sjúkrapróf eða frest á verkefni. Sé því ekki sinnt hefur það áhrif á námsmat.

2025_Náttúrugreinar fyrir 8.- 10. bekk - Vinnulag náttúruvísinda

- Beitir hugtökum og heitum í náttúruvísindum við fjölbreyttar aðstæður.
- Les þyngri náttúruvísindatekta sér til gagns og ánægju og getur endursagt og rætt helstu atriði, lesið út úr myndritum og myndefni um náttúrufræði, umorðað, túlkað og sett í margvíslegt samhengi.
- Setur fram vísindalega tilgátu og beitir margvíslegum vísindalegum vinnubrögðum til að kanna hana í þekkingarleit og úrvinnslu verkefna.
- Framkvæmir, skráir og safnar upplýsingum út frá athugunum og mælingum úti og inni, samkvæmt fyrirmælum og á eigin vegum.

2025_Náttúrugreinar fyrir 8.- 10. bekk - Umhverfið

- Útskýrir gildi líffræðilegrar fjölbreytni og tengsl við velferð manna, dýravernd, sjálfbæra þróun og vistkerfin.

2025_Náttúrugreinar fyrir 8.- 10. bekk - Lífið

- Útskýrir gerð frumna, líffæri þeirra og starfsemi.
- Getur gert grein fyrir fjölbreytileika plantna, starfsemi mismunandi plöntuhópa og mikilvægi þeirra fyrir kolefnisbindingu.
- Útskýrir einkenni og lífsskilyrði lífvera og flokkun þeirra eftir skyldleika.
- Getur gert grein fyrir fjölbreytileika sveppa, starfsemi mismunandi tegunda og hvernig þeir taka þátt í samskiptum milli plantna.
- Þekkir gagn og skaðsemi örvera.
- Getur gert grein fyrir fjölbreytileika dýra og mismunandi einkennum.

2025_Náttúrugreinar fyrir 8.- 10. bekk - Efnin

- Þekkir uppbyggingu frumeinda og sameinda og myndun jóna.
- Þekkir heiti algengra frumefna og efnasambanda og hefur unnið með þau í efnajöfnum.
- Getur útskýrt og unnið með pH kvarðann.
- Útskýrir varðveislu massa, tengt við hegðun efna og frumeindakennninguna.
- Lýsir efnabreytingum og samspili þeirra við hitastig og orku, m.a. með efnajöfnum.
- Útskýrir uppbyggingu lotukerfisins og tengsl við eiginleika efna.

- Hefur unnið með leysni mismunandi efna í vökvum og lofttegundum.

Samfélagsgreinar - 8. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Aðalsteinn Haukstein Oddsson

8

Lýsing

Námsgrein er kennd 2 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Samfélagsgreinar fjalla um nemendurna sjálfa, sjálfsþekkingu og tengslamyndun, nemendurna sem hluta af samfélagi og menningu í víðu samhengi.

Samfélagsgreinar eru grundvöllur þess að nemendur fái kennslu og þjálfun í sjálfsþekkingu, jafnrétti, þeim reglum og gildum sem eiga við í lýðræðislegu samfélagi og hvaða áhrif og ábyrgð hver einstaklingur getur haft á eigið líf og samfélagið sem hann býr í.

Samfélagsgreinar eru vettvangur náms um sögulega atburði, að skilja í hverju farsælt líf á Jörðinni felst, að bregðast við áskorunum í umhverfinu og að efla skilning nemenda á réttlæti, frelsi, vináttu og virðingu.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Um víða veröld

Styrjaldir og kreppa

Efni frá kennara og á Google Classroom

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Um víða veröld - Heimsálfur

Maður og náttúra

Haustönn - Vika 1-5

★★★ Vinnubók: Finndu svarið, ýmis verkefni, umræður og ígrundun

- Vika 1 - Verklag o.fl / Auðlindir - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 2 - Sjálfbær þróun - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 3 - Ólíkir lífnaðarhættir - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 4 - Mannréttindi - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 5 - Samfélög - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni

Asía

Haustönn - Vika 6 - 8

★★★ Vinnubók: Finndu svarið, ýmis verkefni, umræður og ígrundun

★ Verkefni - Ert þú ábyrgur neytandi?

- Vika 6 - Ólík svæði Asíu - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 7 - Tískuiðnaður og ábyrg neysla - Fyrirlestur, Myndbönd og umræður
- Vika 8 - Ert þú ábyrgur neytandi? - Umræður og verkefni

Afríka

★★★ Vinnubók: Finndu svarið, ýmis verkefni, umræður og ígrundun

Haustönn - Vika 9 - 11

- Vika 9 - Ólík svæði Afríku
- Vika 10 - Auðlindir Afríku
- Vika 11 - Kóbalt í Kongó

★★ Lokaverkefni

Haustönn - Vika 12 - 14

- Vika 12 - Bíómynd
- Vika 13 - Vinnuhefti
- Vika 14 - Sókratessamræður í fiskabúrinu

★★★ Próf

- Vika 15 - Undirbúningar fyrir próf - próf

Styrjaldir og kreppa

Titanic - samfélag í smækkaðri mynd

Vorönn vika 1 - 2

★★★ Vinnubók: Finndu svarið, ýmis verkefni, umræður og ígrundun

- Vika 1 - Samfélag í smækkaðri mynd - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 2 - Samfélag í smækkaðri mynd - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni

Fyrsta nútímastyrjöldin

Vorönn vika 3 - 6

★★★ Vinnubók: Finndu svarið, ýmis verkefni, umræður og ígrundun

- Vika 3 - Tilgangslaust stríð - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 4 - Hvers vegna varð stríð? - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 5 - Stríðið breytti samfélaginu - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 6 - Friður til frambúðar - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni

Stéttarbarátta

Vorönn vika 7 - 8

★★★ Vinnubók: Finndu svarið, ýmis verkefni, umræður og ígrundun

- Vika 7 - Nýjar hugmyndir í Rússlandi - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 8 - Tvær byltingar og Stéttarbarátta á Íslandi - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni

Velmegun og heimskreppa

Vorönn vika 9 - 12

- Vika 9 - Þriðji tugurinn fjörugi - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni
- Vika 10 - Kreppan - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni

- Vika 11 - Leiðin út úr kreppunni - Lestur, myndbönd, umræður og verkefni

★★ Lokaverkefni

Vorönn vika 12 - 14

- Vika 12 - Bíómynd
- Vika 13 - Vinnuhefti
- Vika 14 - Sókratessamræður í fiskabúrinu

★★★ Próf

Vorönn vika 15

- Vika 15 - Undirbúningur fyrir Próf - Próf

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat í samfélagsgreinum tekur á mörgum þáttum. Verkefni eru fjölbreytt; m.a. ritgerðir, vinnubækur, próf, kynningar, myndbönd og skapandi skrif. Þegar verkefni eru metin eru hæfniviðmiðin höfð til hliðsjónar en fyrir hvert verkefni er gefið námsmat í bókstöfum. Nemendur fá matskvarða með flestum verkefnum sem lýsir því hvernig verkefni eru metin. Verkefni sem hafa mikið vægi eru merkt með ★★★, þau sem hafa miðlungsvægi með ★★ og þau sem hafa minnst vægi með ★. Hafa skal í huga að öll verkefni eru mikilvæg.

Vinnulag er hluti af námsmati í samfélagsgreinum og er nánar tilgreint á matsrömmum fyrir hvert verkefni og vinnu nemenda í heild sinni.

Sumum verkefnum á að skila á Google Classroom og þar verða einnig leiðbeiningar og ítarefni. Heimavinna, námsmat og önnur verkefnaskil verða skráð jafnóðum á Mentor. Tilkynnt er um verkefnaskil, próf og ritgerðir með a.m.k. viku fyrirvara. Nemandi sem ekki nær að skila verkefni sem er hluti af námsmati á tilsettum tíma eða er ekki í skólanum þegar próf eru lögð fyrir þarf að gera ráðstafanir og ræða við kennarann um sjúkrapróf eða frest á verkefni. Sé því ekki sinnt hefur það áhrif á námsmat. Sjá upplýsingar um einstök verkefni sem metin eru og skiladaga undir *Verkefni*.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Vinnulag samfélagsgreina

- Geta útskýrt, rökrætt og beitt mikilvægum hugtökum samfélagsgreina.
- Get spurt fjölbreyttra spurninga og tekið þátt í gagnrýninni umræðu um samfélagsleg og siðferðileg málefni frá mismunandi sjónarhornum.
- Geta tekið á ábyrgan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Geta aflað sér upplýsinga um samfélagsleg og alþjóðleg málefni úr heimildum á fjölbreyttu formi, túlkað og hagnýtt.
- Geta sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf á ýmsum stöðum og tímum.
- Geta vegið og metið upplýsingar og skoðanir úr heimildum á margvíslegu formi, myndað sér eigin skoðanir og tekið upplýsta afstöðu til málefna.
- Geta miðlað þekkingu, leikni og skoðunum á samfélagslegum og hnattrænum málefnum á fjölbreyttan og skapandi hátt.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Sjálfsmynd

- Geta útskýrt hvernig sjálfsmyndin mótast af menningu, félagslegu umhverfi, aðstæðum og alþjóðlegum áhrifum.
- Geti rökstutt mikilvægi eigin jákvæðra lífsviðhorfa, hugarfar vaxtar og seiglu fyrir persónulega farsæld og þroska.
- Geta fjallað með gagnrýnum hætti um og greint staðalmyndir og fordóma, uppruna þeirra og afleiðingar.
- Geta gert sér grein fyrir þörfum sínum og fjallað um ábyrgð sína á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.
- Geta gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar.
- Geta beitt hugtökum tengdum kynjafræði og útskýrt hvaða hlutverki þau gegna í kyngervi einstaklinga og sjálfsmynd.
- Geta þekkt margbreytileika eigin tilfinninga og bent á víxlverkun tilfinninga, hugsunar, hegðunar og samskipta.
- Geta borið virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, sett mörk í samskiptum og virt mörk annarra og útskýrt mikilvægi virðingar.
- Geta gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Siðferði og trú

- Geta borið saman ólíkan bakgrunn og fjölbreytni fólks, fjallað um og virt mismunandi trú, lífsgildi, skoðanir og siði.
- Geta útskýrt gildi trúarbragða og lífsviðhorfa, borið saman og greint áhrif þeirra á líf einstaklinga, hópa, samfélaga og sögu.

- Geta fengist við og greint viðfangsefni sem snerta trú, lífsviðhorf og siðferði og tengjast spurningum um merkingu og tilgang lífsins.
- Geta túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Borgaravitund

- Geta útskýrt hlutverk reglna í samskiptum fólks í fjölskyldu, vinahópi og þjóðfélaginu í heild og tekið þátt í að móta slíkar reglur.
- Geta útskýrt uppruna, einkenni og framkvæmd lýðræðis og skoðað hlutverk borgara á gagnrýninn hátt í hnattrænu samhengi.
- Geta ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.
- Geti útskýrt þróun og uppbyggingu stjórnkerfisins og formleg tengsl Íslands og þátttöku í alþjóðasamfélaginu,
- Geta þekkt almenn ákvæði um mannréttindi, uppruna þeirra og áhrif, hafi Barnasáttmálann Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi og geti rökrætt gildi mannréttinda og jafnréttis á öllum sviðum samfélagsins og á heimsvísu.
- Geta útskýrt og rökrætt hugmyndir um velferðarsamfélag.
- Geta bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni.
- Geti greint hvernig hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögð og stjórnmál, móta samfélagsgerð og tengjast lífi einstaklinga.
- Geta skilið að skatt- og fjármálaumhverfi og lífskjör í samfélagi eru breytileg og þekkt þætti sem hafa áhrif á þau í alþjóðulegu samhengi.
- Geta áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Saga

- Geta gert sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum.
- Geta útskýrt einkenni og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu landsins, sögu og menningu þjóðar.
- Geta sýnt fram á skilning á sögulegu og hugmyndafræðilegu samhengi atburða sem eiga sér stað í samtímanum á heimsvísu.
- Geta útskýrt og borið saman hlutverk, fjölbreytileika og þróun fjölskyldunnar á mismunandi tímum og menningarsvæðum.
- Geta sett í samhengi, sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á atburðum, tímabilum, tildrögum og gangi mannkynssögunnar.
- Geta sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðaþróunar.
- Geta útskýrt og metið hvernig sagan hefur mótast af ýmsum þáttum, svo sem umhverfi, hugmyndafræði, þ.m.t. trúarbrögðum viljaverkum og tilviljunum.

2025_Samfélagsgreinar fyrir 8.-10. bekk - Jörðin okkar

- Geta greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum.
- Geta varpað ljósi á neylusamfélag nútímans, ferli hráefna frá öflun til eyðingar og hugmyndum um mikilvægi hringrásarhagkerfis.
- Geta varpað ljósi á ábyrgð einstaklinga, fyrirtækja, stjórnvalda og alþjóðasamfélags á verndun náttúru og lífsgæða á jörðinni.
- Geta greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks.
- Geta útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls líf á jörðinni.
- Geta varpað ljósi hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi.
- Geta sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni.

Íþróttir - 8. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Ómar Örn Magnússon; Sara Gylfadóttir; Sigríður Nanna Heimisdóttir; Snær Jóhannsson; Þormóður Árni Egilsson

8

Lýsing

Með íþróttá- og sundkennslu er markmiðið m.a. að efla líkamsþroska nemenda með auknu þoli, krafti, hraða og liðleika. Markvisst íþróttá- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Með kennslunni er stuðlað að örvun grunnhreyfinga og samhæfingar líkamans á öllum sviðum.

Tímabil

Skólaárið 2025 - 2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Með íþróttá- og sundkennslu er markmiðið m.a. að efla líkamsþroska nemenda með auknu þoli, krafti, hraða og liðleika.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Sýnikennsla, vettvangsferðir, endurtekningaráæfingar, (stöðvaþjálfun), áfangaðþjálfun, stöðugt þjálfunarálag, þrautabrautir, hermíleikir, hópavinna, útskýringar, kannanir.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Fjórir þættir eru metnir:

- Þol KR- hlaup
- Styrkur Hliðarhopp / Stöðustyrkur
- Ábyrgð á eigin námi Ástundun / Hegðun / Virkni
- Sund Sundaðferðir / Langsund / Sprettisund / Kafsund / Björgunarsund / Ástundun

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Líkamsvitund, leikni og afkastageta

- Geta gert æfingar sem reyna á loftháð og loftfirrt þol í íþróttum.
- Geta sýnt og framkvæmt styrkaræfingar sem bæta líkamsstöðu, kraftúthald og styrk bæði í kyrrstöðu og á hreyfingu.
- Geta tekið þátt í hópíþróttagreinum.

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Félagslegir þættir

- Geta skilið mikilvægi gagnkvæmrar virðingar og góðrar framkomu til að efla liðsandann.
- Geta farið eftir leikreglum og sýnt háttvísi í leik og hvatt til jákvæðrar framkomu við samherja og mótherja.
- Geta skilið mikilvægi góðrar ástundunar og sjálfsaga í tengslum við góðan árangur.
- Geta þekkt mismunandi tegundir leikreglna í hóp- og einstaklingsíþróttum.

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Heilsa og heilsuefning

- Geta valið viðeigandi fatnað og nauðsynlegan búnað sem hæfir valinni útivist.

2025_Skólaíþróttir fyrir 8.-10. bekk - Sund

- Geta sýnt leikni í vatni og beitt fjölbreyttum sundaðferðum.

Afrit af Myndmennt/Sjónlistir - 8.bekkur - 2024-2025

Kennarar: Hjörný Snorradóttir; Ómar Örn Magnússon

8

Lýsing

Námsgrein er kennd 2 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Vorönn 2025

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Í myndmennt/sjónlistum er lögð áhersla á sköpun og það að upplifa listir sem órjúfanlegan þátt í mannlegri tilveru. Rýnt er í hvað hvað er list, hvað það felur í sér og mikilvægi þess að virkja skapandi hugsun í hverju sem við tökum okkur fyrir hendur. Áherslan er lögð á ferlið frá hugmynd til verkloka. Nemendur er hvattir til að gera tilraunir, prófa nýjar aðferðir og þróa áfram það sem þeir eru ánægðir með. Nemendur fá að kynnst fjölbreyttum aðferðum í myndsköpun auk þess að efla myndlæsi sem er hæfileikinn til þess að skilja og túlka það sem fyrir augu ber.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Verkleg vinna
- Upplýsingar af interneti - vefir listasafna og fl
- Glærusýningar frá kennara
- Ljósrit frá kennara
- Listaverkabækur
- Kennslubókin Myndlæsi gefin út af Listasafni Íslands
- Vettvangsferðir á söfn

Kennsluáðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Helstu viðfangsefni annarinnar

Fjölbreytt verkefni sjónlista, mest áhersla lögð á myndlist og myndsköpun, kynning á listamönnum, stílum og stefnum en einnig snert á kvikmyndagerð, ljósmyndun, byggingalist og nytjalist á borð við iðnhönnun og grafíska hönnun. Nemendur fara í vettvangsferð á safn á önninni og lagt er upp með að taka þátt í Barnamenningarhátíð Reykjavíkurborgar sem haldin er einu sinni á ári. Þar geta nemendur fengið tækifæri til að sýna verk sín á listasafni. Nemendur vinna ferilmöppu þar sem þeir safna verkum sínum yfir önnina og leggja svo sjálfir mat á vinnu sína bæði jafn óðum og í lok annar.

Ágúst / september - Hvað er list - Möppugerð (portfolio) - litablöndun litafræði

Nemendur fá að rýna í hugtakið list og listsköpun, fá æfingar til að opna á ýmyndunaraflíð og skapa út frá því. Einnig fá þau kennslu í teikningu út frá formum. Þau gera svo möppu og setja sig þá í spor grafíks hönnuðar og ræðum um starf þeirra og skoðum dæmi um grafíska hönnun í bókakápum rýnt í hvað þarf að hafa í huga farið yfir mismunandi leturgerð. Þau hanna og skapa svo forsíðu á möppuna og nemendur þurfa að nota tvöfalt letur. Í lok mánaðarins er farið í litablöndun og litafræði þar sem nemendur fá æfingu í að blanda litum og tökum umræður um mikilvægi lita og tengls þeirra við tilfinningar og áhrifa þeirra í umhverfinu.

Október - Kynning á listamanni - stækkunarverkefni og gelþrykk

Nemendur fá kynningu á listamanninum Picasso og áhrifum hans á listasöguna. Rýnt er í verkið Guernica og unnið úr því stækkunarverkefni þar sem hvern nemandi fær búið úr verkinu og stækkar upp. Bútarir verða svo settir saman og mun þá mynda eina heild. Nemendur nýta þá þjálfun

sem þeir fengu í litablöndunarverkefninu og mála verkið í grátónaskala. Í lok mánaðarins er svo gelþrykksaðferð kynnt og nemendur fá tækifæri til að prófa sig áfram í þeirri aðferð.

Nóvember - safnaferð og skuggamynd

Safnaferð á Kjarvarstaði á yfirlitsýningu Kristínar Gunnlaugsdóttur þar sem farið er yfir feril hennar. Einnig unnið verkefni út frá sýningunni. Í lok mánaðarins fara nemendur að vinna skuggamynd þar sem farið er í umræður um hver er ég í 8-bekk um leið og þau læra að varpa skugga á vegg og tekna eftir honum og fara í sjálfskoðun og setja inn á myndina það sem þeim finnst skemmtilegt núna, nemendur hjálpast að við að teikna hvort annað og ræða saman um hvernig þau vilja útfæra sína mynd. Hér fá þau töluvert frelsi í útfærslu

Desember - Verkefni fyrir barnamenningarhátíð

Nemendur vinna verkefni fyrir sýningu á Barnamenningarhátíð sem haldin verður í mars/apríl 2026. Í lok mánaðarins fara nemendur að vinna skuggamynd af sjálfu sér og þar er rýnt í það "hver er ég í 8-bekk" þau fara í sjálfskoðun og útfæra myndina. Þau þau töluvert frelsi í útfærslu

Einnig verður gefin innsýn inn í kvikmyndagerð - ljósmyndun - nytjalist og byggingalist, Stundum flettast það inn í verkefnin hér að ofan eða geta verið sjálfstæð verkefni. Verkefnin geta færst á milli mánaða og fer það helst eftir því hvenær við komumst að í safnaferð.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat: verkefni unnin í tíma og þá er alltaf horft meira í ferilinn í vinnunni en lokaafurðina. Eins og frumkvæði, skapandi hugsun, vilja til að gera tilraunir, sjálfstæð vinnubrögð, umgengni og framkomu í tímum þ.e.a.s. það sem gerist á leiðinni að útkomunni/lokaafurðinni. Nemendur gera einnig sjálfsmat á eigin vinnu. Skila í lokin uppsettri ferilmöppu með verkefnum annarinnar.

Tónlist - 8. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Benedikt Hermann Hermannsson; Ómar Örn Magnússon;
Sigriður Nanna Heimisdóttir

8

Lýsing

Námsgrein er kennd 1 klukkustund á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025 - 2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Allir nemendur í 8. bekk koma í hálfum bekkjum í tónlistartíma yfir allan veturinn. Tónlistarsköpun verður meginviðfangsefni hópanna. Unnið verður markvisst að því að kynnst sköpunarferlinu og læra að vera meðvituð um það á meðan vinnan fer fram. Í tímunum fá nemendur kynningar á ýmsum menningarkímum í fortíð og í nútímanum sem svo er tengt þeirra eigin tónlistarsköpun.

Markmið tónlistartímanna er að skapa grundvöll fyrir tónlistarsamfélag í Hagaskóla. Í tónlistarstofunni eru aðstæður fyrir stúdíoupptökur og hljómsveitaræfingar og þaðan er hægt að gefa út tónlist, myndbönd, útvarpsþætti og halda tónleika.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Tónlistarsköpun fer fram í gegnum verkefni sem smíðuð eru í kringum nokkrar einfaldar grunnhugmyndir. Þar á meðal má nefna vondulagaverkefnið, sem snýst um að kanna hvað gerir tónlist góða eða vonda í okkar eyrum, en útkoman úr því verkefni er svo myndskreytt í hreyfimyndagerð í myndmenntatímum. Eitt af aðalverkefnunum snýst um að semja lag í gegnum karakter, en þar er samspil sjálfs og aukasjálfs í tónlist kannað, þekkt verk rannsökuð og loks semja nemendur sitt eigið lag. Einnig vinnum við að því að semja baráttulag auk smærri tilfallandi verkefna eins og jólalög eða annað sem tengist því hvað er að gerast hverju sinni.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Nemendur vinna á ólíka vegu eftir verkefnum og prófa því að semja í stórum hóp, í smærri hópum og geta unnið einstaklingsverkefni ef þeim reynist þeim best við vinnuna.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina.

Símat, jafningjamat, ástundun.

2025_Tónmennt fyrir 8.- 10. bekk - Söngur og hljóðfæraleikur

- Geti notað hljómahljóðfæri eða laglínuhljóðfæri á viðeigandi hátt í einföldu samspili eða hljómsveit.
- Geti leikið margvíslegan hryn á takthljóðfæri, einn og með öðrum.

2025_Tónmennt fyrir 8.- 10. bekk - Sköpun og skráning

- Geti samið og skráð stef eða laglínur og hljóma og nýtt í eign tónsmíð.
- Geti samið lag eða tónverk á hljóðfæri, einn eða í hópi.
- Geti notað tölvur, upptökutæki og tónlistarforrit til taka upp og fullvinna eigin verk.
- Geti notað tónlistarforrit að eigin vali til að skapa og vinna margvísleg verk.

2025_Tónmennt fyrir 8.- 10. bekk - Hlustun og greining

- Geti greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu.
- Geti greint og lýst einkennum tiltekinna tónlistarstíla og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt hnattrænt samhengi.

Leiklist - 8.bekkur (vorönn) - 2025-2026

Kennarar: Arna Sif Ásgeirsdóttir

8

Lýsing

Námsgreinin er kennd 1 klukkustund á viku hálf t skólaárið. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Leiklist er kennd í 8. bekk. Hver bekkur fær eina kennslustund í viku hálf t skólaárið. Helstu áherslur í leiklist er að stíga út fyrir þægindarammann og þannig efla sjálfsmynd og sjálfstraust nemenda. Mikil áhersla er lögð á samvinnu í litlum og stórum hópum. Í upphafi annar er lögð sérstök áhersla á að þetta hópinn saman og mynda traust. Traust er lykilatriði í því að geta notið sín í leiklist og þora að taka af skarið. Eftir því sem líður á önnina takast nemendur svo á við erfiðari og flóknari verkefni. Nemendur læra leiklist með samvinnu, æfingum, leikjum og spuna.

Helstu viðfangsefni:

- Traust og samvinna
- Líkamstjáning og látbragðsleikur
- Hvar, hver og af hverju
- Karaktersköpun
- Einbeiting og athygli
- Framsögn og raddbeiting
- Að hlusta og bregðast við
- Spuni

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Teaching Drama: The essential handbook

Ýmsar aðrar æfingar og verkefni.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Nemendur læra leiklist með samvinnu, æfingum, leikjum og spuna. Við vinnum ýmist öll saman eða í smærri hópum.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Námsmat byggir á virkni nemenda í tímum. Framkomu og áhuga.

Textílmennt - 8. bekkur - 2025-2026

Kennarar: Björg Pjetursdóttir; Brynja Emilsdóttir

8

Lýsing

Námsgrein er kennd 2 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Textílnám byggist meðal annars á þekkingaröflun, hugmyndavinnu og sköpun þar sem nemendur vinna með efni og áhöld greinarinnar. Lögð er áhersla á framkvæmd og ferli sem gefur nemendum tækifæri til að beita fjölbreyttum aðferðum og skilja eðli og eiginleika greinarinnar. Textílnám gefur nemendum tækifæri til að þroska samhæfingu hugar og handa, upplifa og tjá sig og læra að búa til afurðir sem hafa persónulegt gildi.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Helstu tæki og aðferðir textílmenntar fyrir útsaum, þrykk, vélsaum og þæfingu.
- Kynningar á textíl, þráðlistamönnum og endurnýtingu.

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiða í textílmennt yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni.

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda; Innlagir, sýnikennsla, verklegar æfingar, einstaklingsvinna, samvinna, sköpun og persónulegar útfærslur.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Metið verður hvernig nemendur tileinka sér vinnubrögð frá þróun og úrvinnslu hugmynda, frumleika, sjálfstæði og til framfara ásamt hæfniviðmiðum aðalnámskráar.

Hag - Textílmennt fyrir 8 -10 bekk - Handverk, aðferðir og tækni

- Beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarinnar við formun textílafurða.
- Rökstutt eigið val á textílefni eftir viðfangsefni.
- Unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.

Hag - Textílmennt fyrir 8 -10 bekk - Sköpun, hönnun og útfærsla

- Beitt skapandi og gagnrýnni hugsun í hönnun og textílvinnu.
- Nýtt margvíslega miðla til að afla upplýsinga á gagnrýnninn hátt um efni sem tengist textílsögu, hönnun og iðnaði.
- Skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt.
- Lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök.

Hag - Textílmennt fyrir 8 -10 bekk

- Sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd.

Hönnun og smíði - 8.bekkur - 2025-2026

Kennarar: Ómar Örn Magnússon; Sigurlína Margrét Osuala

8

Lýsing

Námsgrein er kennd 2 klukkustundir á viku. Kennsluáætlunin gefur upplýsingar um nám nemenda, námsefni og námsmat. Hún er birt með fyrirvara um breytingar.

Tímabil

Skólaárið 2025-2026

Markmið - hvað ætlum við að læra?

Nám í hönnun og smíði miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla.

Markmið námsins er fyrst og fremst að gera nemendur sjálfstæða í verki, stuðla að vinnugleði og virðingu fyrir vinnunni, þjálfa einbeitingu, iðjusemi og verkfærni. Ásamt því að efla vísðsýni, stuðla að gagnrýnni hugsun og æfa nemendur í að færa rök fyrir máli sínu.

Nemendur kynnist því hvað hönnun og undirgreinar hennar eru. Þeir þjálfast í vinnubrögðum við hagnýta og skapandi hugmyndavinnu. Þeir kynnast undirstöðuatriðum alhliða hugmyndavinnu, ákveðnum aðferðum til þess að virkja hugmyndir sínar og þróa. Þeir fá þjálfun í að þróa hugmyndir sínar, vinna sjálfstætt og í hóp, setja fram hugmyndir, meta og ræða á uppbyggilegan hátt eigin verk og annarra. Nemendur kynnast fjölbreyttum verkefnum innan hönnunar og nýsköpunar og fá innsýn í hvað hönnun getur haft viðtæk áhrif á umhverfi og samfélag.

Nemendur þreyta margvísleg verkefni í smíðastofunni og læra að vinna eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og geta greint frá mismunandi nálgun við vinnuna.

Nemendur læra grunnatriði í gerð vinnuteikningar og að smíða eftir vinnuteikningu.

Þeir læra að sýna ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæðinu og að notað verkfæri á réttan hátt. Lögð er áhersla á að nemendur geti farið eftir leiðbeiningum kennara og sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum. Geti útskýrt hvaða vinnustellingar henta við vinnu sína og valið réttan öryggisbúnað sem við á hverju sinni.

Námsefni - hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

- Þættirnir Skapalón á honnunarmidstod.is
- Frábær hugmynd, Hugmyndasmiðir, þættir á RÚV
- Glærur og vinnubækur frá kennara

Kennsluaðferðir - hvernig vinnum við í kennslustundum?

Unnið er jafnt og þétt með viðfangsefni hæfniviðmiða í hönnun og smíði yfir önnina og þreyta nemendur margvísleg verkefni sem þjálfa þá hæfni.

Lögð er áhersla á að hafa fjölbreytni í kennsluháttum þar sem tekið er mið af mismunandi námsnálgun og stöðu nemenda; Innlagnir, sýnikennsla, verklegar æfingar, einstaklingsvinna, samvinna, sköpun og persónulegar útfærslur.

Námsmat - hvað og hvernig er nám og vinna metin?

Leiðsagnarmat.

Að nemandi fái uppbyggilega leiðsögn um verkefni sín. Að nemandi fái tækifæri til að rýna í sína vinnu, leiðrétta, bæta og læra af.

2025_Hönnun og smíði fyrir 8.- 10. bekk - Verklag

- Þekkir helstu verkfæri og mælitæki sem notuð eru í formun smíðaeigna og getur útskýrt rétta notkun þeirra og virkni.
- Beitir réttum vinnustellingum, notar réttan hlífðarbúnað og getur fjallað um vinnuvernd og hvers vegna reglur þar að lútandi eru settar.
- Þekkir flest smíðaeigni og getur útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra.
- Þekkir flestar smíðaaðferðir, framkvæmir þær algengustu og getur útskýrt rétta notkun og eiginleika þeirra.

2025_Hönnun og smíði fyrir 8.- 10. bekk - Sköpun, hönnun og tækni

- Getur útskýrt hugmyndir sínar með fríhendis- og grunnteikningu.
- Getur unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, útbúið efnalista og reiknað kostnað.
- Gerir sér grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt, samfélag og jörðina.
- Hannar verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu með áherslu á grænar lausnir.

2025_Hönnun og smíði fyrir 8.- 10. bekk - Menning og umhverfi

- Greinirvistvæn efni frá óvistvænum og hefur sjálfbærni og grænar lausnir að leiðarljósi við vinnu sína, svo sem við efnisval.
- Gerir sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýta ýmsa hluti í anda hringrásahagkerfis.
- Getur greint og fjallað um handverk og hönnun í samhengi við sögu, samfélag og listir..